

Krónan ehf.  
Dalvegi 10-14  
201 Kópavogur

Reykjavík, 30. mars 2022  
UST202110-286/B.B.B.  
07.05.02

### Málslok

Vísað er til bréfs dags. 13.12.2021 þar sem tilgreindar voru kröfur um úrbætur á merkingum fyrir vörurnar Grøn balance – Håndspritt gel og Lucky Super Soft Hand Sanitizer skv. 32. gr. efnalaga nr. 61/2013, reglugerð nr. 878/2014 um sæfivörur og reglugerð nr. 415/2014 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna. Nánari upplýsingar um umfang og niðurstöður eftirlitsins má nálgast í eftirlitsskýrslu sem birt er á vefsíðu Umhverfisstofnunar í samræmi við 5. mgr. 49. gr. efnalaga.

Fyrirtækið hefur orðið við kröfum stofnunarinnar um úrbætur fyrir vöruna Grøn balance – Håndspritt gel, en ákvað að taka vöruna Lucky Super Soft Hand Sanitizer af markaði, hætta alfarið sölu hennar og senda fyrirbyggjandi birgðir til förgunar til viðurkennds móttökuaðila. Stofnunin gerir því ekki frekari athugasemdir svo framarlega sem varan er ekki í sölu öðruvísi en í samræmi við þær úrbætur sem hafa verið lagðar fram vegna málsins.

Að framansögðu telst máli því sem hófst með bréfi dags. 1.11.2021 lokið.

Umhverfisstofnun vekur athygli á því að eingöngu var haft eftirlit með handsóttthreinsum sem stofnuninni barst ábending um. Hugsanlegt er að aðrar vörur sem Krónan ehf. flytur inn og/eða markaðssetur standist ekki kröfur efnalaga eða reglugerða settra á grundvelli laganna.

Gjald fyrir vinnu sérfræðings vegna eftirlits og beitingar þvingunarúrræða er innheimt í samræmi við gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015 með síðari breytingum. Gefinn verður út reikningur fyrir gjaldinu að fjárhæð 13.200-. kr.

Virðingarfyllst

Bergdís Björk Bæringsdóttir  
sérfræðingur

Fífa Konráðsdóttir  
sérfræðingur